

Umsögn með málum nr. 14 og 15 á kirkjuþingi 2022-2023.**Frá stjórn Prestafélags Íslands.**

Stjórn Prestafélag Íslands telur að mannauðsmálum presta sé best fyrir komið á hendi biskups Íslands, sem hefur til þess lýðræðislegt umboð frá sóknarnefndum landsins og vígðum þjónum kirkjunnar. Prestar þjóðkirkjunnar lúta tilsjónar biskups sem hefur víðtæka yfirsýn yfir starf þjóðkirkjunnar um allt land ásamt vígslubiskupum og próföstum. Biskup Íslands og vígslubiskupar vísitera sóknir landsins og þekkja því mæta vel þjónustu kirkjunnar á hverjum stað fyrir sig. Biskup þarf að geta brugðist við breyttum aðstæðum í héraði á öruggan og skjótan hátt hverju sinni innan þess ramma sem fjárheimildir heimila. Fjárhagsáætlun kirkjuþings setur ramma utan um ráðningarmál og því vandséð að þörf sé á samþykki rekstrarstofu fyrir öllum ráðningum eða tilfærslum séu þær innan þeirra fjárheimilda sem kirkjuþing setur.

Mikilvægt er að einn og sami aðilinn sjái um mannauðsmál þjóðkirkjunnar, er þar rétt að vísa til bæði persónuverndarsjónarmiða í viðkvæmari málum en einnig flækjustigs mála. Prestafélagið hefur gjarnan komið að viðkvæmum og erfiðum starfsmannamálum og gerir sér grein fyrir því að gangi tillaga þessi eftir verði starfsmannamálin í framkvæmd óhjákvæmilega komin yfir á rekstrarstofu. Að lokum minnir Prestafélagið á að ekki er komið ár frá því kirkjuþing samþykkti starfsreglur um þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar og því ekki tímabært að taka upp breytingu á þeim. Jafnframt er minnt á samþykkt 7. máls aukakirkjuþings 2021 og mikilvægi þess að unnið sé að frekara samstarfi milli biskupsstofu og rekstrarstofu en ekki tilfærslu verkefna eða sviða.

Stjórn Prestafélagsins mótmælir harðlega þeirri tillögu sem mál 14. og 15. fela í sér og skorar á þingmenn að hafna málinu.

F.h. stjórnar Prestafélags Íslands

Eva Björk Valdimarsdóttir, starfandi formaður.

Jón Ómar Gunnarsson, kjaramálafulltrúi.